

Samband íslenskra sveitarfélaga

Pósthólf 8100  
128 REYKJAVÍK

***Beiðni um almenn tilmæli siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi það þegar kjörnir fulltrúar gera starfsmenn að umtalsefni í opinberri umræðu***

Á fundi forsætisnefndar þann 17. ágúst 2018 var lagt fram erindi skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til forsætisnefndar, dags. 14. ágúst 2018, varðandi beiðni um viðbrögð forsætisnefndar vegna opinberrar umræðu borgarfulltrúa um dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-3132-2017.

Svohljóðandi málsmeðferðartillaga forsætisnefndar og áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna var samþykkt:

Forsætisnefnd hefur borist erindi þar sem óskað er eftir því við nefndina að hún taki til skoðunar hvort ákveðin ummæli kjörins fulltrúa hafi falið í sér brot á ákvæðum sveitarstjórnarlaga og siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Þá er þess óskað að kannað verði hvort ástæða sé til að leita álits siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga á ummælum einstakra kjörinna fulltrúa um starfsmenn borgarinnar. Forsætisnefnd tekur ekki afstöðu til þeirra álitaefna sem fram koma í erindinu, né telur hún ástæðu til að leita álits siðanefndar Sambandsins á því hvort tiltekin ummæli feli í sér brot á siðareglum, enda er það ekki á hendi þeirrar siðanefndar að úrskurða um slíkt miðað við þær leiðbeiningar sem nefndin sjálf hefur gefið út. Nefndin telur rétt að beina því til siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga að hún, í samræmi við skipunarbréf sitt, veiti almenn tilmæli varðandi það hvaða sjónarmið kunni að gilda í tilfellum eins og þeim sem hér um ræðir, þegar kjörnir fulltrúar gera störf starfsmanna sveitarfélaga að umtalsefni í opinberri umræðu. Eins leitar forsætisnefnd eftir leiðsögn siðanefndar varðandi það með hvaða hætti sé rétt að hafa umgjörð þeirra mála þegar starfsmenn sveitarfélaga telja kjörna fulltrúa brjóta siðareglur með framferði sínu, eða öfugt.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun við afgreiðslu málsmeðferðartillögunnar:

Sósíalistar taka heilshugar undir þessa málsmeðferðartillögu og telja brýnt að þessar siðareglur séu mjög skýrar.

Áheyrnarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun við afgreiðslu málsmeðferðartillögunnar:

Stjórnarandstöðuflokkarnir Sjálfstæðisflokkur, Miðflokkur og Flokkur fólksins telja að þessi tillaga sé ekki tímabær. Boðað hefur verið að forsætisnefnd fari yfir siða- og samskiptareglur og telja stjórnarandstöðuflokkarnir Miðflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins allt í lagi að ræða frekar um þessa tillögu í þeirri vinnu. Einnig skal á það bent að forsætisnefnd hefur ekki sjálf endurskoðað stefnu sína og tillögur í framhaldi að því. Talið er að þetta mál eigi ekki að þurfa að draga þann dilk á eftir sér nú að senda þurfi erindi sem þetta til siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Forsætisnefnd og áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun við afgreiðslu málsmeðferðartillögunnar:

Forsætisnefnd og áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna lýsa yfir vonbrigðum með að ekki hafi náðst full sátt um þá tillögu sem lá fyrir fundinum að leita leiðbeiningar siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nú stendur til að endurskoða og samþykkja nýjar siðareglur fyrir kjörna fulltrúa og þá liggur beinast við að leita til siðanefndarinnar um bæði ráðgjöf og álit.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:

Erindi skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 14. ágúst 2018

Málsmeðferðartillaga forsætisnefndar

Fundargerð forsætisnefndar frá 17. ágúst 2018